

# MARGRA ÞJÓÐA VEFTIR

Það fer varla á milli mála að vefjarlist er orðin samkeppnisfær meðal hinna svokölluðu frjálsu lista, þótt tengsl hennar við nytjalist verði vonandi aldrei rofin til fulls. Vefjarlistin er vitaskuld enginn nýgræðingur og má færa góð rök fyrir því að hún sé, ásamt leirkerasmiði, ein elsta listgrein mannkyns. Hins vegar er vefjarlist sem vidurkennd „frjáls“ listgrein enn í frumbersku. Það þýðir hreint ekki að hún hafi ekki haft mikið listrænt gildi hér áður fyrr, heldur að nú láta menn nota-gildið liggja milli hluta, fara að skoða ýmsa eiginleika vefstækinnar sjálfar og þess efnis sem notað er hverju sinni. Í framhaldi af því fara þeir að ihuga nýja möguleika og líta þá til annarra listgreina, — og eru óhræddir við að blanda saman aðferðum úr mörgum greinum vefjarlista. Þessi þróun á sér ekki ýkja langan aðdraganda og reyndar lóða mörg gömul viðhorf enn við vefjarlistina: að hún sé „kvennalist“, að hún fari best á vegg, að aðskotahlutir eigi ekki heima í henni o.s.frv.

## Að ganga meðalveginn

Nú fer fram þriðringurinn Norræn

vefjarlist að Kjarvalsstöðum og er þetta í annað sinn sem þessi sýning er haldin. Mér sýnist sem hún staðfesti, með nokkrum virðingarverðum undantekningum, að norrænir vefjarlistarmenn eiga enn langt í land með að losna undan gömlum viðhorfum (og fordómum) í grein sinni, til að mæta nútímanum af einurð. Flestir ganga hér hinn breiða meðalveg og gera það vissulega vel, en taka litlar áhættur eða hafa ekki til að bera ýkja mikinn metnað fyrir hönd listar sinnar. Einhvern veginn hef ég það á tilfinningunni að þessi tilhneiging sé sterkari nú en á fyrri sýningunni, — og síðan má spyrja sjálfan sig hve vel hún endurspeglir það sem er að gerast í þessari grein víða um Norðurlönd. Nú eru á sýningunni 93 verk, en voru áður 118 og þessi fækkun kann að hafa komið niður á fjölbreytni.

## Talsverð blóðtaka

Orsakarinnar er eflaust að finna í nýju dómnefndafyrirkomulagi. Áður valdi ein dómnefnd öll verkin á sýninguna sem var sjálfsagt herjans mikil vinna, en nú eru þrjú marga dómnefndir veflistarmanna starfandi í hverju Norðurlandanna, nema Íslandi. Þar með eru stíkkfrí 12 ágætir veflistarmenn sem er talsverð



Heysáta Maisu Turunen-Wiklund fremst.

## Myndlist

ADALSTEINN  
INGÓLFSSON

blóðtaka í tiltölulega fámennri grein. Ísland hefði farið sérstaklega illa út úr þessu fyrirkomulagi og því var utanaðkomandi fólki, Herði Ágústssyni, Magnúsi Tómassyni og Hrafnildi Schram, falið að velja úr aðsendum verkum Íslendinga. Það val virðist mér hafa tekist vel og því ætu hinar Norðurlandabjóðirnar óhikað að geta fylgt fordæmi okkar fyrir næstu sýningu.

Sýningunni fylgir nú vönduð skrá þar sem prentaðar eru ljósmyndir af öllum verkum, ásamt formálum og er þar margt vel sagt. Ég hjó þó eftir því í grein Beate Sydhoff, að hún tengir uppgang vefjarlistar á síðustu árum og baráttu rauðsokka. Finnst mér engan veginn að þau tengsl liggja í augum uppi, auk þess sem ég held að það sé óhollt fyrir þessa listgrein að sitja uppi með ákveðna kyngreingu.

## Danir dempaðir

Sydhoff álitur einnig að myndvefnaður hafi verið mjög aðsópsmikill í

vefjarlistinni undanfarin ár, en áhöld eru um það hvort hlutverk hans hafi verið eins mikilvægt og af er látið. Er svo hægt að benda á einhver sérstök einkenni í vefnaðinum sem eiga við eina þjóð fremur en aðra? Er það myndun mín að verk Dananna séu yfirleitt skýrt uppbyggð, dempuð í litum, fjalli um fólk og umhverfi þess eða leggi hálf-óhlutbundið út af landslagi? Hins vegar finnst mér að Finnar skeri sig mjög eindregið úr fyrir óhlutbundinn (gjarnan geometriskan) vefnað og þreifikennd (tactile value). Þar heyrir til undantekninga að sjá tilvísanir í hlutveruleikann. Hvað íslenskan vefnað snertir getur undirritaður ómöguleg sett sig í hlutlausar stellingar og bent á íslenskt svipmót, en þó grunar mig að sá „heidarsvipur“ kunnir enn að vera í mótn. Norðmenn eru einna mestir expressjónistar norrænna veflistarmanna.

## Ekkert er nýtt...

Þeir gera stórar veftir í sterkum lit-

um og með frjálslegu yfirbragði, eða þá að þeir gera rómantískar og allt að því næfar mannamyndir. Svjar eru nokkuð blandaðir og virðast annað hvort gera veftir með mjög ákveðnu figúratífu inntaki (þó ekki um þjóðfélags, vandamál... ) eða geometriskar afstraktmyndir, — fátt þar á milli.

Nú verða menn vist seint á sama máli um eðli nýsköpunar í listum og sumir álíta að ekkert sé nýtt undir sólinni. Ef ég ætti að nefna veftir á þessari sýningu sem mér finnst bera vott um leitandi hugarfar, áreði og listræna kröfugerð, þá mundi ég benda á „snjó“ mynd Bodil Bodker Næss sem gengur út frá veggnum eins og lágmynd og svo skúlptúrvefnað Annette Juel. Þótt margt sé gott meðal finnsku verkanna, þykir mér Yosi Anaya bera af með batikmynd sinni um ána Niger, svo og „X“ myndröðina, en þó er einnig vert að geta um „Stedja“ Maisu Kaarna sem nýtir sér lágmyndarhugmyndina en heysáta Maisu Turunen-Wiklund er bæði skemmtilegur og áleitinn snoppungur. Hárskulptúr Guðrúnar Þorkeldsdóttur ber vott um mjög frjótt hugarflug, en á hinn bóginn á ég í erfiðleikum með að finna verk af þeim gæðaflokkki meðal Norðmanna.

## Grundvöllur

### fyrir gullhamra

Kannski er það helst „mynda-album“ Ellenar Lenvik sem upp í hugann kemur. Einnig er fátt um fina drætti meðal Svianna, þó er „Blá-brún“ mynd Eddu Lundskog ekki afleitt verk. Svo er að sjálfsgögu grundvöllur fyrir gullhamra til handa þeim listamönnum sem nota hefðbundnar aðferðir. Danska listakonan Jetta Brönnum mundi vera í þeim flokki. Nanna Hertoft sömuleiðis og svo hinar geometriskt þenkjandi Kim Naver og Jette Nevers. Meðal Finna standa þær sig mjög vel Kaarina Kellomäki og Mirja Tissari og það þarf heldur ekki að spyrja að framlagi Ásgerðar Búadóttur í íslensku deildinni. Synnove Anker Aurdal gerir mjög glæsilega hluti í sínu teppi meðal Norðmanna og ýmsar góðar manneskur mætti nefna í herbúðum Svía, t.d. Ingulill Guilers, Silju Karlsson og Lotte Kullen. Svo eru fugla-hræður Inghild Karlssen dáið sér á báti, minna talsvert á austur-evrópska veflistarmenn.

En þetta er merkilegt fyrirtæki og þarf fyrir alla muni að halda því gangandi.



Frá vefjarlistarsýningunni. Fremst er verk Lotte Klein frá Svíþjóð.

# Brúður við hið gullna hlið

Leikbrúðuland:  
SÁLIN HANS JÓNS MINS  
Handrit og leikstjórn: Briet Héðinsdóttir  
Brúður og leikmynd: Messiana Tómasdóttir

Ný brúðuleikur Leikbrúðulands, sýndur um helgar á Kjarvalsstöðum, er nú sjálfsagt það verk sem brúðuleikararnir hafa lagt við mestan metnað og fyrirhyggju. Enda er Sálin hans Jóns mins langskemmtilegasta sýning sem ég ennþá hef séð í Leikbrúðulandi.

Það er ekki því að neita að sýningar þess að undanförunu, þættirnir um meistarana Jakob, Gauksklukkan í fyrri, meira að segja líka árlegur jólasveinaleikur, hafa allt verið barnskemmtanir af allra einfaldasta tagi. Oft hefur manni fundist að listrænn metnaður og hagvirkni flokksins kæmi fyrst og fremst niður í brúðugerðinni sjálfri, miklu síður í leik og leikfni. En með sýningum sínum á undanförunum árum hefur Leikbrúðuland að visu rutt sér til rúms í skemmtanálífi barna í bænum og notið vaxandi aðsóknar og vinsælda. Það hefur ekkert vantað upp á áhuga og ánægju leikhúsgestanna á þeim sýningum flokksins sem ég hef séð í vetur. En þær sýningar hafa að visu ekkert ætlað sér annað né meira en hafa ofan af fyrir áhorfendum sin-

um stundina sem þeir standa við í leikhúsinu.

Með Sálinni hans Jóns mins er tekið upp efni sem Leikbrúðuland hafði að visu fitjað upp á fyrr, með þáttum af Sæmundi fróða sem fyrir löngu voru sýndir á síðdegisskemmtunum í Iðno, og síðar meir á sinn hátt í jólasveinaleikum. Augljóslega er í þjóðsögnum, og raunar trúu ég í ýmsu öðrum klassískum bókmenntum, upplagt leikfni í brúðuleik, að minnsta kosti á meðan ekki vekst upp leikskáld sem gagnert yrkir fyrir leikbrúður. En um leið kemur upp kynleg mótsögn. Í kynningu leiksins er réttilega lögð á það áhersla að þessi sýning henti ekki síður fullorðnum áhorfendum en börnum, og það er engu líkara en aðstandendur óttist að sýningin verði þá um leið á einhvern hátt ofvíða börnunum, sem auðvitað eru og verða aðal-áhorfendur Leikbrúðulands. Þetta held ég að sé misskilningur: Sálin hans Jóns mins er umfram allt prýðileg barnskemmtun. En eins og aðrir réttskapaðir brúðuleikir er hún barnskemmtun sem fullorðnir áhorfendur geta um leið haft af margvíslega ánægju.

Ég er ekki frá því að svipuð efasemi og vanmat á möguleikum



Aðstandendur Leikbrúðulands fyrir utan Kjarvalsstaði.

brúðuleikhúss komi á sinn hátt fram í leiknum sjálfum. Briet Héðinsdóttir er höfundur leiks og leikstjóri og kveðst í leikskrání hafa byggt hann á öllu í senn, þjóðsögunni, samnefndri þulu Davíðs Stefánssonar og þó einkum á texta hans í Gullna hliðinu. Í verki sýnist mér þessu hagað svo að framan af leiknum sé að mestu farið eftir tveimur fyrstu þáttum Gullna hliðsins, en í síðasta hluta leiksins sé einkum farið eftir þjóðsögunni og þulu Davíðs. Briet telur ofætlan að gera fullnægjandi leik-

gerð Gullna hliðsins fyrir brúðuleik en á hinn bóginn fásinna að fást við efnið og láta sem Gullna hliðið sé ekki til. Ég er hreint ekki viss um að þetta sé rétt, sé ekki liggja í augum uppi ástæður sem banni að semja Gullna hliðið sjálf til leiks á brúðuleik, auðvitað í mjög einfaldaðri og stílfærðri mynd. Á hinn bóginn væri sjálfsagt líka hægt að semja sjálfstætt brúðuleik upp úr þjóðsögunni, með hliðsjón sem þarf af efni Gullna hliðsins, en án þess að nota beinlínis texta leiksins. Ber að sama brunni og

áður var sagt: brúðuleikhúss þarf á sínu eigin leikskáldi að halda, hvort heldur er til að frumsemja eða umsemja efni til sinna nota.

Nú er þetta ekki rakið hér í aðfinnsluskyni við sýningu Leikbrúðulands á Kjarvalsstöðum: hún tekst ágætlega eftir þeirri aðferð sem valin er að efni. Satt að segja fannst mér hún þá skemmtilegust þar sem skýrast var vikið frá forsögn Gullna hliðsins, eða gerð sjálfstæð tilbrigði við efni þess. Heimalningur og englabörn á hlaði himnaríkis voru metfæ svo að litil dæmi séu nefnd. Og um atriði Gullna hliðsins sjálfs, aðsókn drauga í fyrsta þætti, fjallalandslag og fordyr vísir í öðrum þætti, reynast í sýningunni alveg tilvalin úrlausnarefni í brúðuleik, henta slíku sviði á sinn hátt enn betur en alvöru-leiksviðinu. Er nokkur fyrirstaða á því að gera persónum leiksins, og þá einkum kerlingu, að sínu leyti sambærileg skil? Svo kann að visu að vera við núverandi tæknistig Leikbrúðulands. En sjálfsagt metnaðarmark flokksins hlýtur að vera að gera úrlausnarefnum sínum eigin fullveðja skil í sjálfstæðri leikbrúðulisti.

Og mér virðist Sálin hans Jóns mins marka áfanga á þeirri leið Leikbrúðulands. Leikbrúður og hin haganlega leikmynd Messíönu Tómasdóttur sverja sig í rétt við sem flokkurinn áður hefur best gert, og öll tækni leiks og sýningar virtist mér nú mun betur á veg komin en hingað til, þótt hljóðupptaka væri að visu ekki svo góð sem skyldi. Og þótt Leikbrúðuland hafi nú í bili fengið inni á Kjarvalsstöðum vantar enn sem fyrr leiksal-við hæfi flokksins.

## Leiklist

ÓLAFUR  
JÓNSSON

